

## Heimalestrarviðmið í 1.-7. bekk í Öxarfjarðarskóla

Hlutverk heimilía í læsinnámi barna og unglínga er að bjóða upp á lestrarhvetjandi umhverfi þar sem nemandi les fyrir fullorðinn og tryggja það að börnin hafi gott aðgengi að lesefni.

Samstarf milli heimilía og skóla þarf að vera gott þar sem regluleg upplýsingagjöf frá báðum aðilum skiptir máli. Stuðningur og hvatning við læsinnámið frá bæði heimilí og skóla stuðlar að því að læsinnám barna verði árangursríkt og gefandi.

Nemendur í 1. – 7. bekk, lesa a.m.k. 10 – 15 mín á dag 5 daga vikunnar og foreldrar/forráðamenn kvíttu í lestrardagbókina.

Greining er gerð á lestrarskráningu nemenda vikulega.

**Taka skal tillit til aðstæðna og þarfa nemenda** og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Leiðbeinandi þrep fyrir heimalestrarviðmið:

1. Þrep – Heimalestri hefur ekki verið sinnt í 2 vikur

Umsjónarkennari sendir tölvupóst til foreldra/forráðamanna

2. Þrep – Heimalestri hefur ekki verið sinnt í 4 vikur

Umsjónarkennari hringir í foreldra/forráðamenn ef litlar breytingar verða á 4 vikum. Skráð í Mentor

3. Þrep- Heimalestri hefur ekki verið sinnt í 6 vikur

Umsjónarkennari boðar foreldra/forráðamenn á fund ásamt skólastjóra.

4. Þrep – Heimalestri hefur ekki verið sinnt í 7 vikur

Komi upp sú staða að ofangreindar verklagsreglur bera ekki árangur verður málinu vísað til nemendaverndarráðs sem ákveður framhaldið. Vanrækslutilkýning til barnaverndar ef þurfa þykir.